

Lögræðissvipting*

Með úrskurði getur dómari svipt einstakling lögræði, tímabundið. Það getur verið:

- eingöngu svipting sjálfræðis eða sjálfræðissvipting
- eingöngu svipting fjárræðis eða fjárræðissvipting
- svipting bæði sjálfræðis og fjárræðis.

Lögræðissvipting er að lágmarki sex mánuðir og fellur sjálfkrafa niður að tímanum loknum nema að gerð hafi verið krafa fyrir dómi áður um að framlengja sviptinguna.

Þegar maður hefur verið sviptur sjálfræði, fjárræði eða hvoru tveggja flyst lögræði hans yfir til lögráðamanns.

Hvenær má beita sviptingu lögræðis?

Svipting lögræðis fer aðeins fram ef þörf er brýn og búið að fullreyna önnur og vægari úrræði til aðstoðar einstaklingi sem:

- Er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fjármunum vegna andlegs vanþroska, ellisjólleika, geðsjúkdóms eða vegna annars konar alvarlegs heilsubrests.
- Sökum ofdrykkju eða ofnotkunar ávana- og fíkniefna er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fjármunum OG atriði sem fram koma í a og c lið eiga líka við.
- Vegna líkamlegs vanþroska eða vanheilsu á erfitt með að ráða persónulegum högum sínum eða fjármunum og óskar sjálfur eftir lögræðissviptingu.
- Er barnshafandi og stofnar heilsu og/eða lífi ófædds barns síns í hættu með lífernri sínu eða háttsemi.

Hvernig fer lögræðissvipting fram?

Dómari í héraði tekur mál vegna lögræðissviptingar fyrir þegar lögð hefur verið fram skrifleg krafa um hana.

Krafa um lögræðissviptingu: Félagsþjónusta sveitarfélaga getur lagt fram kröfu vegna tilmæla frá aðstandendum, lækni, vinum eða vegna upplýsinga um hag einstaklingsins eða ef hann óskar eftir því sjálfur. Aðrir aðilar eins og maki, ættingjar í beinan legg, systkini og lögráðamaður geta einnig lagt fram kröfu um sviptingu lögræðis.

Dómari tekur kröfu um lögræðissviptingu fyrir eins fljótt og unnt er. Einstaklingurinn sem krafa er gerð um að lögræðissvipta fær skipaðan verjanda honum að kostnaðarlausu. Dómari aflar sjálfur sönnunarganga, svo sem læknisvottorðs. Dómari kveður upp úrskurð innan þriggja sólarhringa eftir að mál var tekið fyrir. Verjandi einstaklings upplýsir hann um niðurstöðu dómara eins fljótt og hægt er, yfirleitt strax.

Lögráðamaður

Þegar einstaklingur hefur verið sviptur sjálfræði, fjárræði eða hvoru tveggja flyst lögræði hans yfir til yfirlögráðanda, sem er sýslumaðurinn þar sem hann á lögheimili. Sýslumaður skipar honum lögráðamann, eins fljótt og hægt er, og sendir honum afrit af skipunarbréfi lögráðamannsins.

Lögráðamaður hefur heimild til að taka nauðsynlegar ákvarðanir um persónulega hagi hins lögræðissvipta sem hann er ófær um að taka sjálfur. Lögráðamaður á að hafa samráð við hann eins og hægt er og hafa hagsmuni hans að leiðarljósi.

Lögráðamaður getur tekið ákvörðun um að sjálfræðissviptur einstaklingur leggist gegn sínum vilja inn á sjúkrahús, en eingöngu ef lífi viðkomandi eða heilsu er hættu búin að mati læknis.

Réttindi lögræðissvipts einstaklings varðandi sviptinguna

Lögræðissviptur einstaklingur:

- Getur kært úrskurð héraðsdóms um lögræðissviptingu til Landsréttar og ber Landsrétti þá að hraða meðferð málsins. Allur málskostnaður er greiddur úr ríkissjóði.
- Getur krafist niðurfellingar lögræðissviptingar. Slík krafa þarf að vera skrifleg, rökstudd og studd gögnum um að aðstæður hins lögræðissvipta hafi breyst. Þessi krafa er borin fram við héraðsdómara. Dómara er ekki skylt að taka hana til meðferðar fyrr en að 6 mánuðir, að lágmarki, eru liðnir frá sviptingunni.
- Á rétt á að bera fram ósk um hver skuli skipaður lögráðamaður hans og skal fara eftir því nema hagsmunir hins lögræðissvipta krefjist annars.

Réttindi lögræðissvipts einstaklings sem er vistaður gegn sínum vilja á sjúkrahúsi

- Um leið og sjálfræðissviptur einstaklingur hefur verið vistaður gegn sínum vilja á sjúkrahúsi á hann rétt á að fá upplýsingar um ástæður vistunar.
- Hann á rétt á stuðningi og aðstoð ráðgjafa nauðungarvistaðra, sem er ráðinn af dómsmálaráðuneytinu.
- Hann á rétt á að bera ákvörðun lögráðamanns um vistun á sjúkrahúsi undir dómstóla.
- Hann á rétt á að bera ákvörðun um þvingaða lyfjagjöf eða meðferð undir dómstóla.
- Nauðungarvistun má aldrei haldast lengur en þörf er á.

Ráðgjafar nauðungarvistaðra: Hlutverk þeirra er að veita þeim sem vistaðir eru gegn vilja sínum stuðning og ráðgjöf um hvað eina sem snertir dvöl og meðferð þeirra á spítalanum. Sjúklingar sem dvelja gegn vilja sínum á Landspítala eiga rétt á að fá viðtöl við ráðgjafana, að ræða við þá einslega og hafa samband við þá reglulega. Ráðgjafar eru kallaðir til af legudeild eða sýslumanni þegar ákvörðun er tekin um nauðungarvistun. Þeir starfa fyrir dómsmálaráðuneytið og eru því ekki starfsmenn Landspítala en er skylt að gæta trúnaðar um þau atriði sem þeir fá vitneskju um vegna starfa sinna.

Réttur til að bera ákvörðun um vistun, þvingaða lyfjagjöf eða meðferð undir dómstóla: Sjálfræðissviptur einstaklingur sem vistaður er á stofnun á rétt á því að bera ákvörðun um vistun, þvingaða lyfjagjöf eða meðferð undir dómstóla. Sú krafa þarf að vera skrifleg og beint til viðkomandi dómsstóls. Ráðgjafar nauðungarvistaðra aðstoða við kröfugerðina ef þess er óskað og koma henni til dómstóls þegar í stað. Dómari tekur kröfuna fyrir án tafar og skipar viðkomandi einstaklingi talsmann (lögmann), þegar honum hefur verið gefinn kostur á að bera fram ósk um hver skipaður verði, honum að kostnaðarlausu. Dómari kveður upp úrskurð sinn eins fljótt og auðið er, en það getur tekið nokkra daga.

*Lögræðislögin nr. 71/1997 fjalla um þau lög sem gilda um lögræðissviptingar.